

101. stjórnarfundur Markaðsstofu Kópavogs

Haldinn fimmtudaginn 12. janúar 2023, kl. 12:00, að Hlíðasmára 10.

Mætt voru: Kristín Amy Dyer, Kristján Ingi Gunnarsson, Ólafur Björnsson, Ásgeir Haukur Guðmundsson, Friðrik Ómarsson, Katrín Helga Reynisdóttir og Teitur Erlingsson. Einnig sat Björn Jónsson framkvæmdastjóri fundinn.

1. Fundur settur

Formaður setti fundinn klukkan 12:05 og stýrði honum, fundinn ritar framkvæmdastjóri.

Formaður bauð Teit Erlingsson velkominn á fundinn en hann var nýlega tilnefndur í stjórn Markaðsstofunnar fyrir hönd Framsóknarflokks.

2. Fundargerð síðasta stjórnarfundar var lögð fram til samþykktar

Fundargerð 100. stjórnarfundar var lögð fram og samþykkt af fundarmönnum.

3. Rekstraruppgjör 2022 (bráðabirgða tölur)

Framkvæmdastjóri lagði fram bráðabirgðauppgjör 2022 úr bókhaldi félagsins. Fram kom að bókhaldslegt tap af rekstri Markaðsstofunnar á árinu verði nálægt þremur milljónum króna. Rekstur Markaðsstofunnar verður nokkurn vegin á pari en tap er af starfsemi Skóp. Tapið orsakast annars vegar af kostnaði vegna flutninga í Hlíðasmára 10 og uppsetningar aðstöðu þar og hins vegar vegna ákvörðunar um að kaupa sérfræðiráðgjöf við gerð skýrslu um framtíðarstefnu Kópavogsbæjar í nýsköpunarmálum. Framkvæmdastjóri benti á að í árslok 2020 hafi Markaðsstofan fengið styrk úr frumkvöðlasjóði Íslandsbanka að upphæð fjórar milljónir króna til að opna Atvinnu- og nýsköpunarsetur, en sú upphæð endurspegladi 4,3 m.kr. rekstrarhagnað Markaðsstofunnar það ár. Stofnkostnaður vegna Skóp hafi hins vegar ekki komið fram af þunga fyrir en á þessu ári.

4. Rekstraráætlun 2023

Framkvæmdastjóri lagði fram uppfærða rekstraráætlun fyrir næsta ár. Forsendur áætlunarinnar er m.a. að fjárframlag Kópavogsbæjar til Markaðsstofunnar og viðbótarframlag til Skóp verði óbreytt milli ára. Í áætluninni er gert ráð fyrir að þáttökugjöld og leigutekjur Skóp muni standa undir aðstöðukostnaði á síðari hluta ársins, en stefnt verður að ná þeim punkti mun fyrir. Rekstraráætlun gerir ráð fyrir að heildar tekjur verði 32.336.000,- kr. og að afkoma ársins verði jákvæð sem nemur 724.425,- kr. Gert er ráð fyrir að tekjur muni aukast um 5% og kostnaður dragast saman um 6%.

Umræður urðu um áætlunina og ýmsa liði hennar. Rekstraráætlun var samþykkt og framkvæmdastjóra falið, í samráði við Amy stjórnarformann og Kristján stjórnarmann, að vinna markaðsáætlun og kynna á næsta stjórnarfund.

5. Aðgerðaráætlun 2023

Framkvæmdastjóri lagði fram drög að aðgerðaráætlun fyrir árið 2023. Í áætluninni eru helstu verkefni Markaðsstofunnar listuð upp. Umræður urðu um áætlunina og væntingar Kópavogsbæjar til starfsemi Markaðsstofunnar. Stjórn var sammála mikilvægi þess að bæjarstjórn Kópavogs og aðrir kjörnir fulltrúar séu vel upplýstir um þau verkefni sem Markaðsstofan vinnur að á hverjum tíma og undirstrikuðu mikilvægi þess að hafa virkt samtal við stjórnendur bæjarins um mikilvægustu verkefnið hverju sinni. Ákveðið að aðgerðaráætlun verði rædd samhliða tillögum um markaðsaðgerðir á næsta stjórnarfund.

6. Önnur mál

Í ljósi umræðu um uppbyggingu nýs atvinnusvæði í Garðabæ, sem staðsett verður í túnjaðri íbúabyggðar í Kópavogi, var rætt um uppbyggingu atvinnusvæða í Kópavogi. Ákveðið var að fá formann skipulagsráðs og skipulagsstjóra Kópavogsbæjar til fundar við Markaðsstofuna til upplýsingar og samræðu um þessi mál. Framkvæmdastjóra var falið að koma slíkum fundi á dagskrá.

Framkvæmdastjóri upplýsti að forsvarsmenn Kópavogsfyrirtækisins Laufsins hafi óskað eftir milligöngu Markaðsstofunnar til að koma á fundi með forsvarsfólki umhverfismála hjá Kópavogsbæ. Fyrirtækið vill kynna mjög þróaða lausn, sem hönnuð hefur verið til að hjálpa fyrirtækjum og stofnunum að halda utan um umhverfismál sín og vinna að sjálfbærni og virku hringrásarhagkerfi. Fram kom að fundur með formanni Umhverfis- og samgöngunefndar og fleirum hafur verið boðaður.

Upplýst var að óskað sé aðkomu Markaðsstofunnar að verkefninu „Bærinn okkar“ sem unnið er að á Menntasviði Kópavogsbæjar.

Formaður upplýsti að Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir, Nýsköpunarráðherra, verði í Kópavogi þriðjudaginn 31. janúar nk. og muni þá væntanlega heimsækja Skóp. Framkvæmdastjóri verður í fríi og mun formaður stjórnar sá um móttöku ráðherra.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:30.